

Mál nr. 41/2015
M og
V v/ slysatryggingar launþega X.

Líkamstjón við vinnu 24. maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2015.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um líkamstjón M. Í lögregluskýrslu er aðdraganda þess lýst þannig að M hafi verið að ganga á bryggju og þá dottið. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 2. september 2013 kemur fram að hægri fótur M gaf undan og M datt með þeim afleiðingum að „hnéskelin fór“. Í ódagsettum vitnisburði vitnis kemur fram að M hafi dottið í stiga. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M hafi runnið til þegar hann var að ganga niður tröppur og dottið á hné með þeim afleiðingum að sin vinstri hnéskeljar slitnaði.

M telur að líkamstjón hans uppfylli skilgreiningu váttryggingarskilmála á slysi, en hvorki í lögregluskýrslu né læknisvottorðum hafi komið fram að hægri fótur M hafi gefið sig. M vísar til nýlegrar réttarframkvæmdar um túlkun slyshugtaks váttryggingaréttar og telur atvikið í takt við t.d. Hrd. 412/2011 sem og eldri og nýlega héraðsdóma. Einnig vísar M til að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt mál M sem slys skv. sama hugtaki.

V telur sýnt af gögnum fá M sjálfum, eða tilkynningu hans til Sjúkratrygginga Íslands, að orsök falls hans sé að hægri fótur hans hafi gefið sig. Aðrar lýsingar af atburðinum hnekkja ekki þeirri lýsingu. Einnig vísar V til þess að upplýsingar séu í læknisfræðilegum gögnum málsins um óþægindi M í hnjám fyrir umrætt atvik og styðji það lýsingu í áðurnefndri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. V telur fordæmisgildi héraðsdóma þeirra sem M vísar til takmarkað og telur atvik ekki sambærileg við Hrd. 412/2011. V telur því ósannað að líkamstjón M sé rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi váttryggingarskilmála V.

Álit.

Í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í máli nr. 412/2011, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hægri fótur hans hafi gefið sig og valdið því að hann datt og hlaut líkamstjón á vinstra fæti. Aðrar lýsingar á atburðinum hnekkja ekki umræddri lýsingu atvika og verður hún því lögð til grundvallar. Þessi lýsing M bendir eindregið til þess að fall hans sé hægt að rekja til innra ástands í líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er í skilgreiningu váttryggingarskilmála V á orðinu slys. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.